

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. febrúar 1997

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE

(Texti sem varðar EES)

(97/139/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-  
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæði II. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB frá 20. maí 1994 um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 96/104/EB <sup>(4)</sup>, ber að uppfæra í ljósi samningaumleitana við tiltekin þriðju lönd á sviði dýraheilbrigðis og viðræðna á grundvelli EES-samningsins.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við II. viðauka við ákvörðun 94/360/EB:

„— Fyrir Nýja-Sjáland gildir tíðnin sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 97/131/EB frá 17. desember 1996 um gerð samnings í formi bréfaskipta um bráðabirgðabeitingu samningsins milli Evrópubandalagsins og Nýja-Sjálands um hreinlætisráðstafanir í viðskiptum með dýr á fæti og dýraafurðir<sup>(1)</sup>.

— Aðildarríkin geta haldið lægri tíðni fyrir Noreg en kveðið er á um í I. viðauka.

— Aðildarríkin geta haldið lægri tíðni fyrir Ísland en kveðið er á um í I. viðauka, að því er varðar afurðir sem um getur í 2. lið I. flokki og 6. lið II. flokki I. viðauka.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 57, 26. 2. 1997, bls. 1.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. febrúar 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 31.